

## 13. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 28. des. 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum. 4. maí

*Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 4. maí 1943.*

Vilhjálmur Þór.

*Guðmundur Hlíðdal.*

## REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Akureyrarkaupstað, samkv. lögum nr. 69 31. desember 1937.

## 1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af:

- a. öllum húsum og mannvirkjum, svo sem bryggjum, oliugeymum, geymsluportum o. þ. h.;
- b. öllum byggingarlóðum, samkvæmt skipulagsupprætti, byggðum og óbyggðum, með tilheyrandi girðingum, svo og geymsluplássum og upplagsplássum. Skipulagðar byggingarlóðir á erfðafestulöndum bæjarins verða þó ekki gjaldskyldar, fyrr en þær eru leigðar til bygginga.

Undanþegnar þessum skatti eru fasteignir bæjar og ríkis og aðrar fasteignir, ætlaðar til opinberra- eða almenningsþarfa, samkvæmt 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

## 2. gr.

Fasteignaskatturinn reiknast þannig:

- a. Af fasteignum þeim, sem í 1. gr., a-lið, getur, 0,5%.
- b. Af fasteignum þeim, sem í 11. gr., b-lið, getur, 1,5%.

Meðan núverandi vísitölufyrirkomulag helzt, í sambandi við dýrtíðina, hækkar skattur þessi, sem svarar meðal-vísitölu næsta árs á undan skattárinu, innan þeirra takmarka, sem lög nr. 69 31. desember 1937 heimila.

## 3. gr.

Skattinn skal telja af heilum hundruðum króna fasteignamatverðs, en brotum af hundruðum sleppt.

## 4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan tveggja mánaða frá gjalddaga, falla á hann sömu dráttarvextir og greiddir eru af útsvörum.

## 5. gr.

Skattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal, ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. Skattinn, ásamt dráttarvöxtum, má taka lögtaki.

## 6. gr.

Með reglugerð þessari er niður fallið lóðargjald, sótaragjald og óskuskattur samkvæmt eldri lögum og reglugerðum.

- 92 Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaup-  
5. maí staðar, samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1947.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Vígfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

93  
10. maí

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Keflavíkurkaupþúni,  
nr. 76 28. júní 1934.

Í 1. gr. gjaldskrárinnar í staðinn fyrir „kr. 20.00, kr. 30.00, kr. 40.00, kr. 50.00“ komi í sömu röð: kr. 40.00, kr. 60.00, kr. 80.00, kr. 100.00.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

94  
15. maí

um breyting á reglum frá 10. febrúar 1943, um útbúnað skipa, sem eru í  
förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

6. gr. orðist þannig:

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingum og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirætlum:

1. Skipið skal hafa annaðhvort varðskýli ofan á stýrishúsinu eða varðtunnu.
2. Skip, sem hafa loftskýtamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Utan á öllum hjargbátum og bátum í skipum yfir 100 rúmlestir skulu vera kork- eða kapokpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
4. Á botni hjargbáta, og annarra báta í skipum yfir 100 rúmlestir, skulu vera handlistar.
5. Í öllum bátum sé útbúnaður til að þétta leka.
6. Skipið skal hafa hjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í 3. gr., svo að þeir, ásamt hjargbátum skipsins, geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa hjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.
7. Skipum, sem vegna smæðar sinnar geta ekki, að áliti skipaskoðunarmanns, haft hjargfleka samkvæmt 3. gr., er í stað hans heimilt að hafa kork- eða málmfleka, enda sé fengið áður samþykki skipaskoðunarstjóra til þess. Útbúnaður þessara